

## Athugið!

Næsta Pésa verður dreift  
**1.-2. nóvember.** Efni þarf að  
berast fyrir **25. október.**

# Vatnstankur á Berghylsfjalli

Nýr vatnsgeymir á Berghylsfjalli var formlega vígður þann 25. september 2023. Er geymirinn hluti af vatnsöflun þar sem vatn er tekið úr lindum í svonefndum Fagradal sem einnig eru í landi Berghyls rétt eins og vatnsgeymirinn en lindirnar eru í um 286 m hæð yfir sjávarmáli.

Geymirinn stendur í ca. 230 m hæð yfir sjávarmáli og rúmar um 320.000 lítra af vatni.



Byrjað var á smíði geymisins í júlí árið 2021 og smíðinni lauk í júlí 2023 með þeim glæsilega hætti sem nú má sjá á Berghylsfjalli.

Við vígsluna þakkaði sveitarstjóri fyrir hönd Vatnsveitu Hrunamannahrepps og sveitarfélagsins þeim Guðmundi Hjaltasyni fyrir hönnun og utanumhald verkefnisins, Hákonni Páli hjá Selásbyggingum sem sá um framkvæmdina fyrir samstarfið og ekki síst ábúendum á Berghyl, þeim Jóni G. Eiríksyni og Önnu Maríu Sigurðardóttur, fyrir jákvæðni og greiðasemi þeirra við samfélagið okkar hér í Hrunamannahreppi alla tíð því án góðs samstarfs við landeigendur hefði þetta verk aldrei getað orðið að veruleika.



Nánari upplýsingar um geyminn og vígsluna má lesa á [www.fludir.is](http://www.fludir.is).

# Með fólkinu kemur þjónusta og gott mannlíf

Hamarshöggin halda áfram hér í Hrunamannahreppi og gaman er að fylgjast með framkvæmdum sem eiga sér nú stað víða í sveitarfélaginu. Unnið er að byggingu tveggja raðhúsa við Birkihlíð og framkvæmdir eru hafnar við Fannborgartanga þar sem búið er að taka grunn fyrsta parhússins og byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir þremur raðhúsum. Hús rísa brátt við Túngötu og Högnastíg, sumar-bústaðir eru byggðir og byggt er á lögbýlum einnig. Ekkert lát er á eftirspurn eftir lóðum og sem dæmi má nefna bárust 24 umsóknir um tvær verslunar- og þjónustulóðir við Reynihlíð en úthlutun fór fram í síðustu viku. Þar má því búast við spennandi framkvæmdum næsta vor. Hvetjum við áhugasama til að fylgjast vel með framboði lóða en allar lóðir eru auglýstar á heimasíðu sveitarfélagsins.



Endurnýjun efri hæðar og þaks Flúðaskóla er á lokametrunum. Þó er rétt að muna að ávallt eru seinustu handtökin tímafrekust og því má ekki búast við að húsnæðið verði tekið í notkun fyrr en í lok október. Starfsmenn og stjórnendur Flúðaskóla hafa hug á því að bjóða til opins húss í tengslum við dag íslenskrar tungu sem haldinn verður hátíðlegur venju samkvæmt þann 16. nóvember og þá munu áhugasamir geta skoðað þær breytingar sem orðið hafa á skólanum.

Fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2024 er nú í fullum gangi og ljóst að í mörg horn verður að líta. Stór óvissuþáttur í fjárhagsáætlunargerðinni er húsnæðismál en sveitarfélagið á fjölmargar húseignir sem margar mætti nýta enn betur en gert er í dag.

Mikil umræða hefur undanfarið átt sér stað um þjónustu heilsugæslunnar hér í uppsveitunum og einnig um mögulegar breytingar á staðsetningu hennar. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands mun fljótlega verða auglýst eftir húsnæði fyrir heilsugæsluna. Hér á Flúðum stendur glæsilegt hús á góðum stað, tilbúið til innréttingar. Því er ekki að leyna að margir biða spenntir eftir niðurstöðu HSu í kjölfar væntrar auglýsingar enda þykir mörgum einsýnt að húsnæðið við Hrunamannaveg muni henta vel fyrir þessa mikilvægu þjónustu. Flúðir er stór þéttbýliskjarni og hér búa ríflega 500 íbúar. Á Flúðum er fjölbreytt og góð þjónusta sem styðja myndi dyggilega við framsækna heilsugæslustöð og starfsmenn hennar. Svo er nokkuð einboðið að umsvif muni aukast mjög hér í Uppsveitunum bæði hér í Hrunamannahreppi sem og annars staðar á næstu árum. Í slíkum umsvifum felast mikil tækifæri sem ljóst er að margir munu vilja nýta, okkur öllum til heilla.

*Aldís Hafsteinsdóttir,  
sveitarstjóri*

**Pésinn birtir  
auglýsingar og  
skemmtilegt efni  
um allt það sem  
um er að vera í  
sveitarfélaginu.**



**Hjónaball Hrunamanna  
verður haldið í  
íþróttahúsinu á Flúðum  
2. mars 2024.  
Takið daginn frá!**

*Hjónaballsnefnd*



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## **Heilsugæslan Laugarási**

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímapantanir og bókun í símaviðtal  
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.



## **Sundlaugin á Flúðum**

### **Vetraropnun**

**16. ágúst - 31. maí**

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga  
kl. 16:00 - 20:30

Einnig opið mánu- og fimmtudaga frá  
kl. 06:00 - 09:00 (að öðru leyti lokað á  
fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga  
kl. 13:00 - 18:00.

Árskort sem gilda í sundlauginu,  
íþróttu- og tækjasalinn eru á mjög  
hagstæðu verði, aðeins 15.500 kr.  
Minum á að hjá flestum stéttar-  
félögum er hægt að sækja um styrk.

# Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps mætti fullskipuð á Fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna sem haldin var nýverið og var myndin tekin af því tilefni.

Á ráðstefnunni er árlega fjallað um þau mál sem helst brenna á sveitarstjórnarmönnum varðandi rekstur sveitarfélaga en núna er fjárhagsáætlunargerð næsta árs alls staðar komin í fullan gang.

Til gamans má geta þess að Aldísi Hafsteinsdóttur, sveitarstjóra, var á fundinum veitt heiðursviðurkenning Sambands íslenskra sveitarfélaga, fyrir störf sín að sveitarstjórnarmálum.

Í ræðu sem hún hélt af því tilefni lét hún skýrt vita af því að þrátt fyrir þennan heiður væri hún alls ekki hætt í sveitarstjórnarmálum, svona rétt til að koma í veg fyrir allan misskilning.



# Húsbyggingar hefjast við Fannborgartanga

Fyrsta skóflustungan að byggðinni við Fannborgartanga var tekin mánudaginn 18. september sl. af Daða Geir Samúelssyni sem ásamt Gunnari Kristjáni Haraldssyni hefur hafið framkvæmdir við parhús við götuna. Það var fallett um að litast í hinu nýja hverfi þegar Daði vippaði sér upp í gröfuna og hóf fagmannlega framkvæmdir í hinu nýja hverfi.

Er þeim félögum óskað innilega til hamingju með upphaf framkvæmda og velfarnaðar í nýju hverfi.



Daði og Gunnar taka fyrstu skóflustunguna.



# Jólin koma!

Jólahátíðin sem haldin var í upphafi aðventu á síðasta ári tókst vel og nú endurtökum við skemmtunina.

Atvinnu, ferða og menningarmálanefnd stendur fyrir jólahátíð laugardaginn 2. desember milli kl. 14 og 16 í félagsheimilinu. Jólamarkaður, jólalög, ljósín tendruð á jólatrénu, notalegar veitingar og jólasveinarnir mæta á svæðið.

- Þeir sem vilja taka þátt með einum eða öðrum hætti hafi samband við Örnú (arna@fludir.is) eða Ragnhildi (ragnhildur@fludir.is).

Takið daginn frá því þetta verður notaleg og góð stund.

*Atvinnu, ferða- og menningarmálanefnd*



## SKRIFSTOFA HRUNAMANNAHREPPS

### Opnunartímar:

Mánudaga til fimmtudaga: Kl. 9:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: Kl. 09:00-12:00

Sími 480 6600 - fludir.is - hruni@fludir.is



## Baggamunur

*Bókhalds- og skattþjónusta*

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035  
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is

# Frá Félagi eldri Hrunamanna

Að venju verður margt í boði í vetur og mikil áhersla á ýmis konar hreyfingu.

Vetrarstarfið hefst 3. október með samveru í Heimalandi, þar sem við verðum á þriðjudögum frá 13:00-16:00. Alltaf kaffi og með því kl. 15:00. Allir velkomnir, þó að það sé bara í kaffið.

Alltaf gott spjall og ýmsar sögur sagðar.

Íslendingasögur verða krufnar í vetur undir leiðsögn Bjargar Björnsdóttur en þeir sem voru í sumarferðinni okkar muna frábærar frásagnir Bjargar úr Laxdælu á sögulóðum ferðarinnar. Edda Villborg Guðmundsdóttir verður áfram með bókmenntaklúbbinn. Björg og Edda finna tíma sem verða kynntir síðar.

Íþróttahúsið. Á mánudögum kl 10:00 verður Gunnar heilsuþjálfari með okkur í ýmis konar hreyfingu og á föstudögum kl 11:30-12:30 eigum við tíma og gerum eitthvað saman og vonandi með einhverjum úr nærsveitunum.

Það verður sundleikfimi, sem Vala íþróttakennari sér um og stólajóga, sem Lára í Birtingaholti sér um, ekki eru komnar tímasetningar enn þá. Við verðum með snjalltækjakennslu og fleira gagnlegt.

Opið hús verður einu sinni í mánuði. Þar fáum við góða gesti og verðum vonandi í samstarfi við nærsveitunga. Dagsferðir verða einhverjar og leik-húsferð. Árshátíð og svo hin árlega sumarferð sem nýtur vinsælda hjá þeim sem hafa komið með.

Það eru margir félagar sem taka lítinn, eða engan þátt í starfinu af ýmsum ástæðum. Sumir eru í vinnu, sumir eru ekki „NÓGU GAMLIR“ og sumir eru að styrkja félagið með félagsgjöldum. Það er erfitt skref að jata sig nógu gamlan til að vera í félagi eldri borgara.

En þetta snýst ekki bara um aldur, heldur samveru, með hreyfingu og skemmtun, sem léttir fólki lífið. Það vantar yngra fólkið í starfið, því fyrir sem við tökum þátt, því betra fyrir okkur öll. Allar hugmyndir um eitthvað fleira en hér er komið fram, til að gera starfið fjölbreyttara eru vel þegnar.

*Stefán G. Arngrímsson*

*Fóttaadgerðastofa*  
**Öddu Siggu**

*Miðfelli 2a*  
Tímapantanir í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).**



# VETRAR OPNUNARTÍMAR HEFJAST 1. OKT

---

FIM 13:00 - 17:00

FÖS 13:00 - 17:00

LAU 11:00 - 17:00

SUN 11:00 - 17:00

---



MELAR, FLÚDIR

# Heilsuvikan heppnaðist vel

Við viljum þakka kærlega fyrir þátttökuna í Heilsuvikunni, kæru íbúar og nágrannar. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum í vikunni og leyfðu öðrum að njóta góðs af.

Það er gaman að geta þess að Heilsuvika Hrunamannahrepps fékk styrk að upphæð 500.000 kr. úr sjóði ÍSÍ vegna Íþróttaviku Evrópu 2023 til að standa straum af kostnaði og ekki síst þess vegna var mögulegt að útbúa jafn skemmtilega og fjölbreytta dagskrá og raun varð á.

Við stefnum ótrauð á að halda heilsuviku að ári.

*Fyrir hönd lýðheilsu- og æskulýðsnefndar og ungmennaráðs,  
Sigfríð Lárusdóttir og Óskar Snorri Óskarsson.*



## FRÍ HEIMKEYRSLA!

### Keyrt út fyrstu viku hvers mánaðar



Brynningarbúnaður



Stein- og bætiefni



**ATHUGIÐ!**  
Panta þarf fyrir  
30.000 kr. án vsk  
eða meira.

Gæludýrafóður



Pvottefni



Hestavörur



Rekstrarvörur



Kálfakögglar og -múslí

Panta þarf fyrir lok hvers mánaðar!



📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
☎ 480 5610

🌐 [www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)  
✉ [landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is)

# Dugnaður íbúa skiptir miklu

Sjálfböðastarf í Hrunamannahreppi er mikið og fjölmargir alltaf tilbúnir til að leggja góðum verkum lið. Glöggir reiðmenn hafa tekið eftir að nú er búið að lagfæra reiðleiðina úr Hrunaréttum og niður að Litlu Laxá en hún lá þarna um mýrarpytt sem oft var erfiður yfirferðar.



Það var Gunnar í Túnsbergi sem hafði frumkvæði að framkvæmdinni og naut við hana dyggjar aðstoðar sérans í Hruna enda var hér um „sér“ verkefni að ræða.

Þeir félagar ræstu fram svæðið og keyrðu möl yfir þannig að núna var mun auðveldara en áður að ríða úr réttunum.



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum  
Sími 861 9682



Löggiltur rafverktaki  
/ bílaflutningur

Axel  
Sími 860 7073



# Kæru sveitungar og aðrir gestir

Í vetur verður opið hjá okkur sem hér segir; fimmtudaga 18:00 – 23:00, föstudaga og laugardaga 18:00 – 23:00/01:00. Auk þess byrjar bridge-kennsla hjá Valdimari Stefáni um miðjan október og verður á miðvikudagskvöldum eins og í fyrra.



Við verðum með margskonar viðburði í vetur sem verða auglýstir sérstaklega, s.s. lifandi tónlist, karaoke- kvöld, pub quiz, piparkökumálun fyrir yngstu börnin og margt fleira. Fylgið Sæsabar endilega á Facebook-síðu staðarins, því þar koma fram allir viðburðir og upplýsingar um hvað er að gerast hjá okkur.

Okkur þykir vænt um ef fólk vill nýta húsið utan auglýsts opnunartíma. Sem dæmi fyrir fundahöld, klúbba starfsemi, horfa á boltann í beinni eða annað skemmtilegt sem ykkur dettur í hug. Ekki hika við að hafa samband og við gerum okkar allra besta til að finna út úr því.

*Hlökkum til vetrarins, eigendur Sæsabars.*

## AÐ SPILA BRIDGE ER GÓÐ SKEMMTUN

Starfsemin í Bridgefélagi Hrunamanna er hafin í vetur og spilum við á mánudagskvöldum klukkan 19:30 í félagsheimilinu. Allir velkomnir.

Svo stendur áhugasömum til boða ókeypis kennsla í bridge á miðvikudagskvöldum í vetur á Sæsabar kl. 19:30 og munum við byrja þann 11. október nk.

Áhugasamir hafi samband við undirritaðann í síma 898 0370 .

*Fyrir hönd bridgefélagsins, Valdimar S. Sævaldsson*



## Pésinn birtir auglýsingar og skemmtilegt efni um allt það sem um er að vera í sveitarfélaginu.

Sendið efni og auglýsingar á svanhildur@fludir.is



## Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf  
Beðahreinsun - Garðsláttur  
Garðaúðun - Trjáklippingar  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

**Erla Björg Arnardóttir**  
Garðyrkjufærðingur

Sími 858 3399  
grannalands@simnet.is



## Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu, 2. hæð

Sími 480 6628 - Bókasafnið á Facebook  
bokasafn@fludir.is - bokasafn.fludir.is

## Bókasafnið er opið einn morgun í viku

Nú hefur morgunopnun á Bókasafni Hrunamanna bæst við og verður bókasafnið því opið þriðjudaga 9-12 og 18-20 og miðvikudaga 16-18. Á morgunopnuninni verður heitt á könnunni og tilvalið að setjast niður, spjalla við aðra gesti safnsins og fletta bókum/tímaritum. Margar af nýjustu bókunum berast glóðvolgar úr prentun til okkar og tímaritin Hús og Híbyli, Vikan, Gestgjafinn og Litli Bergþór.

Allir eru ávallt velkomnir á bókasafnið.

Ef einhverjar spurningar vakna má alltaf hafa samband í síma 480 6628, senda tölvupóst á netfangið bokasafn@fludir.is eða í gegnum síðu bókasafnsins á Facebook.

*Bestu kveðjur, Ásta Rún*


# FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.

 **BÓTARÉTTUR**  
- þú færð þitt



botarettur.is



**HUGMYND**

## TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14  
845 Flúðir

flight@simnet.is  
Sími 699 0757

  
**Fjallaraf**  
sími 662 0530

## Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir ([hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is))  
Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir ([svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is))  
Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is)  
[www.fludir.is](http://www.fludir.is)